

# Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins Fagráð svæðisskipulagsnefndar

## Álitsgerð vegna tillagna um niðurfellingu Holtsganga og aukið byggingarmagn á reit 5 (Landspítalalóð m.m.) í svæðisskipulagi.

### Tilfni umfjöllunar

Á fundi svæðisskipulagsnefndar 28. september 2012, þar sem til umfjöllunar voru framkomnar athugasemdir við ofangreindar tillögur að breytingum á svæðisskipulagi, var samþykkt svo-  
hljóðandi tillaga og málinu þar með vísað til umfjöllunar í fagráðinu:

*„Í ljósi framkominna athugasemda vegna Holtsganga og aukins byggingarmagns á lóð Landspítala-Háskólasjúkrahúss, sem og bókunar Skipulagsnefndar Kópavogs frá 17. júlí 2012 er lagt til að svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins fresti afgreiðslu málsins. Jafnframt er fagráði svæðisskipulagsnefndar sem skipað er skipulagsstjórum sveitarfélaganna falið að fjalla um þær breytingar sem lagðar eru til, útfrá skipulagslegum sjónarmiðum og með tilliti til heildarhagsmuna íbúa höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Fagráðið skili niðurstöðum eins fljótt og auðið er og í kjölfarið verði boðað til fundar í svæðisskipulagsnefnd.“*

### Samantekt um breytingarnar

Tillaga um ofangreindar breytingar á svæðisskipulagi var auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar og tillögu að deiliskipulagi Landspítalalóðar. Tilfni breytinga á svæðisskipulaginu eru byggingaráform Landspítala, sem kalla á tilfærslu áætlaðs byggingarmagns á reit 5 á milli notkunarflokka húsnæðis og nettóaukningu upp á 38 þús. m<sup>2</sup>, og jafnframt er komið í ljós að áformuð staðsetning gangamunna Holtsganga samræmist ekki þeim áformum.

Athugasemdir, sem fram komu og beindust að svæðisskipulagslegum þáttum, snerust um staðarval LSH og áhrif beggja þátta breytinga á umferð, en einnig fólu þær í sér gagnrýni á aukið byggingarmagn og þéttleika og yfirbragð byggðar á lóð LSH.

### Niðurstöður Fagráðs.

Fagráðið tekur fram, að það tekur ekki afstöðu til þeirrar gagnrýni sem komið hefur fram á staðarval LSH og þeirra ólíku skoðana sem uppi eru um það. Í því felst þó ekki að ráðið telji þá umræðu ástæðulausa, heldur miklu fremur það, að ráðið telur sig hvorki hafa umboð né forsendur til að kveða upp dóma í því efni. Ráðið lætur því við það sitja að rekja í greinargerð hér

á eftir hvernig það hefur borið að, að gert er ráð fyrir Landspítala-Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut og vísa í skýrslur og gögn sem þar liggja að baki.

Að öðru leyti takmarkast umfjöllun fagráðsins við það að meta breytingarnar með tilliti til gildandi svæðisskipulags og forsendna þess.

### a.) Holtsgöng

Ákvörðun um að setja Holtsgöng inn á aðalskipulag Reykjavíkur var tekin seint í skipulagsferlinu og án þess að þýðing þeirra í stofnbrautarkerfi höfuðborgarsvæðisins væri skoðuð ítarlega. Á þessum tíma var mikil umræða um möguleg neikvæð áhrif umferðar á miðborgina, s.s. á umhverfi Tjarnarinnar, Frikirkjuveggar og Lækjargötu. Tilgangurinn með göngunum var að draga úr þessum mögulegu neikvæðu umhverfisáhrifum með því að þau myndu létta á umferð um þessi viðkvæmu svæði. Síðari útreikningar og ítarlegri athuganir hafa hins vegar leitt í ljós, að göngin myndu ekki hafa tilætluð áhrif til að létta á umferðarálagi á götum miðborgarinnar. Þar að auki hefur ekki verið sýnt fram á það með sannfærandi hætti hvernig tengja ætti göngin við Hringbraut hjá LSH og við Sæbraut hjá Hörpu.

**Það er álit fagráðs að talsvert skorti á að raunhæfni Holtsganga hafi verið metin til fullnustu á sínum tíma og að allt bendi nú til þess að gagnsemi þeirra sé lítil og í engu samhengi við tilkostnaðinn. Ráðið telur það því vera eðlilegt skref að fella þau út úr svæðis- og aðalskipulagi.**

### b.) Breytingar á byggingarmagni

Breytingarnar felast annarsvegar í því að stærð sérhæfðs húsnæðis (spítalans) á reit 5 eykst um rúma 100 þús. m<sup>2</sup> en stærð verslunar-/þjónustuhúsnæðis minnkar á móti um 65 þús. m<sup>2</sup>. Nettóaukning á reit 5 er því um 38. þús. m<sup>2</sup>. Sú aukning er um 2,6% af heildaraukningu atvinnuhúsnæðis í Reykjavík til 2024 skv. gildandi svæðisskipulagi og um 19% viðbót við áður áætlaða aukningu á reit 5.

Í svæðisskipulagslegu samhengi eru það fyrst og fremst áhrif breytingarinnar á umferð sem koma til álita við mat á henni. Í forsendum reiknilíkans umferðar er gengið út frá því að „umferðarsköpun“ pr. m<sup>2</sup> í verslunar- og skrifstofuhúsnæði sé um þrisvar sinnum meiri en í „öðru húsnæði,“ en spítalinn fellur þar undir. Heildaráhrif breytingarinnar á umferð verða samkvæmt þessu þau, að þrátt fyrir nettóaukningu í fermetrum húsnæðis verði umferðin minni en samkvæmt núgildandi forsendum (sjá töflu hér neðar).

**Fagráðið telur því einsýnt að þessi tiltekna breyting á svæðisskipulaginu sem slík muni ekki hafa óæskileg áhrif á umferð á stofnbrautakerfinu.**

Umferðarsköpun aukinnar byggðar á byggðasvæði nr. 5 í svæðisskipulaginu				
Ferðamyndunarjafna VSÓ: 1,85*íbúar+0,14*m <sup>2</sup> verslun/skrifstofur+0,04*m <sup>2</sup> annað húsnæði				
	íbúar	verslun/skrifstofur	annað húsnæði	samtals ferðir
<b>Fyrir breytingu</b>	3.335	125.000	47.000	
Fjöldi ferða	6.170	17.500	1.880	<b>25.550</b>
<b>Eftir breytingu</b>	3.335	60.000	150.000	
Fjöldi ferða	6.170	8.400	6.000	<b>20.570</b>

Að því er varðar framkomnar athugasemdir um þéttleika og yfirbragð byggðar á lóð LSH þá telur fagráð að þar sé um að ræða atriði sem snúa að aðalskipulagi Reykjavíkurborgar og útfærslum í deiliskipulagi, og telur ráðið það því ekki vera í sínum verkahring að taka afstöðu til þeirra.

23. október 2012

---

Arinbjörn Vilhjálmsson

---

Birgir H. Sigurðsson

---

Bjarki Jóhannesson

---

Finnur Birgisson

---

Haraldur Sigurðsson

---

Jón Eiríkur Guðmundsson

---

Þórður Ó. Búason

## Greinargerð

### Landsspítalinn við Hringbraut, forsaga.

Bygging Landspítala við Hringbraut hófst árið 1926. Spítalinn hefur þróast á þessum stað allt frá þeim tíma og síðast var barnspítali byggður og tekinn í notkun á árinu 2003. Á sama tíma hefur Háskóli Íslands þróað kennslu í heilbrigðisgreinum (lækningum, hjúkrun, ...) við Hringbrautina og er hann með tvær byggingar á lóðinni, þ.e. Læknagarð og Eirberg (hjúkrun). Núverandi húsnæði Landspítala á lóðinni er 58 þús. m<sup>2</sup> og heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands um 15 þús. m<sup>2</sup>.

Árið 1969 gerðu Reykjavíkurborg og ríkið með sér samning um lóðirnar við Hringbraut fyrir uppbyggingu Landspítala og deildir Háskóla Íslands sem tengjast spítalanum. Í þessum samningi er m.a. kveðið á um flutning Hringbrautar, sem var hrint í framkvæmd um 35 árum síðar. 1976 var samþykkt deiliskipulag af lóðinni sem gerði ráð fyrir uppbyggingu Landspítala og Háskóla Íslands sunnan gömlu Hringbrautar. Læknagarður er byggður samkvæmt því skipulagi og fleiri byggingar á norðurhluta lóðarinnar.

Árið 2000 voru Landspítalinn og Sjúkrahús Reykjavíkur sameinuð og í janúar 2002 komst starfsnefnd á vegum heilbrigðisráðherra að þeirri niðurstöðu að framtíðaruppbygging spítalans skyldi verða við Hringbraut en starfsemin í Fossvogi yrði flutt þaðan. 2005 var haldin alþjóðleg arkitektasamkeppni um stækkun Landspítala á Hringbraut. Hlutskarpastir urðu dönsku arkitektarnir C.F.Möller ásamt samstarfsaðilum frá Noregi og Íslandi.

Árið 2010 var aftur haldin alþjóðleg samkeppni, nú um frumhönnun stækkunar Landspítala við Hringbraut, og varð Íslenska teymið Spítal hlutskarpast. Deiliskipulagið sem auglýst var 2012 byggir á verðlaunatillögunni. Það gerir ráð fyrir að byggingarmagn á lóðinni verði alls 236 þús. m<sup>2</sup> (án bílgeymslna), þar af verði 1. áfangi spítalans um 170 þús m<sup>2</sup> (nýb.: 97 þús., núv. hús: 72 þús. m<sup>2</sup>).

Úr umsögn ráðgjafa dómnefndar 2010: „Heildaráhrif á umferðarkerfið eru talin vera óveruleg. Tillagan að uppbyggingu LSH sýnir háskólasjúkrahúsið sem sjálfstæða einingu með byggingar af mismunandi stærð og skala. Aðlögun að aðliggjandi opinberum byggingum er góð, en skalinn er mun stærri en skali aðliggjandi íbúðarbyggðar. Innra umferðarkerfisvæðisins er samfellt, bílastæði aðgengileg, aðkoma sjúkrabíla sæmileg og góð tengsl við almenningssamgöngur. Góð tengsl við grunngerð og veitukerfi.“

### Staðarval Landspítala – Háskólasjúkrahúss

Gildandi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 gerir ráð fyrir að framtíðar uppbygging Landspítala-Háskólasjúkrahúss verði við Hringbraut. Sú ákvörðun grundvallast á niðurstöðu starfsnefndar heilbrigðisráðherra frá janúar 2002 og stefnu borgaryfirvalda sem sett var fram í nýju aðalskipulagi Reykjavíkur árið 2002. Með þessu var staðfest að Landspítali-Háskólasjúkrahús yrði ekki færður úr stað og frekari þróun og uppbygging yrði til suðurs frá núverandi spítalavæði, eins og hafði raunar verið ráðgert allt frá 1969.

Í framhaldi af ákvörðun um sameiningu Landspítalans og Sjúkrahúss Reykjavíkur (Borgarspítala og Landakotsspítala), skipaði heilbrigðisráðherra starfsnefnd í maí 2001 til fara yfir hvernig best væri að standa að sameiningu starfseminnar. Nefndinni var falið „að gera grein fyrir þeim möguleikum sem helst eru taldir koma til greina. Í öðru lagi að greina kosti þeirra og galla og að

síðustu leggja fram tillögur um staðsetningu og hvernig standa beri að uppbyggingu spítalans.“ Nefndin ákvað að skoða og bera saman þrjár mögulegar staðsetningar: 1) Hringbraut (tvær útfærslur); 2) Fossvog; 3) Vífilstaði.

Nefndin leitaði til innlendra og erlendra ráðgjafafyrirtækja. Danska ráðgjafafyrirtækið Ementor vann áætlun um mögulega þróun spítalastarfseminnar til næstu 20 ára (skýrsla október 2001). Sænsku arkitektarnir White, sem áður höfðu komið með tillögur um skipulag lóðarinnar við Hringbraut, voru fengnir til að gera sambærilegar tillögur fyrir Fossvog og Vífilstaði.

Tilgangurinn var að bera saman kosti og galla allra staðarvalskosta (skýrsla White frá desember 2001). VSÓ ráðgjöf vann einnig með nefndinni, einkum varðandi framkvæmdakostnað og verðmat á eignum og réttindum, en einnig varðandi staðarvalið almennt (skýrsla VSÓ frá janúar 2002). Nefndin hafði einnig samstarf við skipulagsyfirvöld á viðkomandi svæðum.

Önnur megin niðurstaða nefndarinnar var að starfsemi Landspítala-háskólasjúkrahúss skyldi verða á einum stað. Varðandi staðarvalið voru þetta helstu viðmið og sjónarmið sem voru lögð til grundvallar í samanburði valkostanna:

1. Aðgengi sjúklinga, starfsmanna og gesta – lega svæðis.
2. Samspil mannlífs og heilbrigðisþjónustu – nálægð við fjölbreytta byggð og útivistarsvæði.
3. Þjóðhagsleg hagkvæmni og samkeppnishæfni þjóðarinnar – kostir þess að byggja upp öflugt þekkingarfyrirtæki á sviði heilbrigðisþjónustu.
4. Tengsl við Háskóla Íslands og rannsóknar- og þróunarfyrirtæki.
5. Yfirbragð bygginga, arkitektúr og umhverfi.
6. Sveigjanleiki í skipulagi lóðar og þróunarmöguleikar.
7. Stofn- og rekstrarkostnaður.

Staðsetning við Hringbraut fékk afgerandi betri einkunn en Fossvogur og Vífilstaðir varðandi þætti 2-4. Varðandi þátt 1 um aðgengi og samgöngutengingar, þá voru Vífilstaðir taldir nokkuð afskekktir en Fossvogur talinn með bestu leguna. Gatnatengingar og greiðar samgöngur voru taldar ásættanlegar á öllum svæðum og Hringbraut áberandi best varðandi aðgengi annarra ferðamáta en einkabílsins. Ekki var gert upp á milli kosta varðandi þátt 5 og allar staðsetningar taldar uppfylla kröfur um sveigjanleika í skipulagi lóðar og þróunarmöguleika. Varðandi stofn- og rekstrarkostnað spítalans var niðurstaðan mjög afgerandi: Umtalsvert ódýrast væri að byggja upp við Hringbrautina (VSÓ, janúar 2001).

Niðurstaða ráðherranefndarinnar var því sú, að mæla með framtíðaruppbyggingu LSH við Hringbrautina.

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 voru norsku hönnunar- og ráðgjafarfyrirtækin Momentum Arkitekter AS og Hospitalet AS fengin til að endurmeta forsendur verkefnisins. Þeir skiluðu niðurstöðum í apríl 2009. Megin niðurstaða þeirra var að skynsamlegast væri halda verkefninu áfram (dýrara að gera ekki neitt) og sameina spítalareksturinn við Hringbraut.

### **Forsendur um LSH í gildandi svæðisskipulagi**

Áformuð uppbygging NLSH er á byggðasvæði nr. 5 í svæðisskipulaginu.<sup>1</sup> Á því svæði var gert ráð fyrir 125 þús. m<sup>2</sup> aukningu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og 47 þús. m<sup>2</sup> aukningu sér-

---

<sup>1</sup> Þar sem gert er ráð fyrir að byggja á götustæði gömlu Hringbrautar samkvæmt tillögu að deiliskipulagi, þá lendir talsverður hluti fyrsta áfanga uppbyggingar á byggðasvæði nr. 3 (2-4). Hefði verið horft til

hæfðs húsnæðis. Ætla má að megnið af áformaðri aukningu á spítalavæðinu falli í flokkinn sérhæft húsnæði, þó vissulega sé hluti þess einnig skrifstofuhúsnæði. Miðað við þetta gengur svæðisskipulagið útfrá tiltölulega hægfara uppbyggingu spítalavæðisins og ekki verið lokið við stærri áfanga en tæplega 50 þús. m<sup>2</sup> húsnæðis fyrir 2024 (sjá þó hér að neðan um fjölgun starfa). Rétt er að undirstrika að tölur um byggingarmagn sem settar eru fram í töflu 3.2. í greinargerð svæðisskipulagsins miðast við uppbyggingu fram til ársins 2024 (á grundvelli íbúaspár og reiknaðra húsnæðisþarfa) en ekki fullbyggð svæði.

Í fylgiskjali nr. 2 með svæðisskipulaginu, *Skipulagstölur*, þar sem frekari grein er gerð fyrir uppbyggingu á skipulagstímabilinu, segir eftirfarandi um sjúkrahús (bls. 19): „Alls er gert ráð fyrir að störfum á sjúkrahúsum fjölgi úr 5.650 störfum í 7.661 starf, alls 2.011 störf. Gert er ráð fyrir að núverandi stofnanir verði stækkaðar til að mæta aukningunni, **þó þannig að innan Reykjavíkur muni öll aukningin verða á lóð Landspítalans í Vatnsmýri.**“ Í sama fylgiskjali (töflu 3.11, bls. 22) er tekið fram að spítalastörfum fjölgi um 1.512 á byggðasvæði nr. 5 til ársins 2024. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að öll uppbygging Landspítalans verði við Hringbraut, sbr. nefndarálit heilbrigðisráðherra og yfirlýsing borgaryfirvalda. Svo virðist sem ákveðins misræmis gæti milli áætlunar um fjölgun starfa og áætlaðs byggingarmagns í stefnu svæðisskipulagsins um miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu (bls. 54-57) er skilgreindur svokallaður landskjarni, sem nær til lykils atvinnusvæða á Nesinu (miðborgarsvæðið, sjá mynd 3.5. og miðsvæði við Suðurlandsbraut). Þar segir í skilgreiningu: „Meginkjarninn er bæði miðstöð fyrir svæðisbundna starfsemi og fyrir landið í heild. Um er að ræða stjórnýslu ríkisins og borgarinnar, Alþingi, dómstóla, mennta- og vísindastofnanir og **heilbrigðisstofnanir sem þjóna landinu öllu...**“<sup>2</sup>

Í markmiðum svæðisskipulagsins segir hvergi berum orðum að Landspítali-Háskólasjúkrahús skuli vera við Hringbrautina í Reykjavík, ekki frekar en að Háskóli Íslands skuli vera við Suðurgötuna í Reykjavík. Hefðu hinsvegar legið fyrir áform um að byggja Landspítalann upp á nýju svæði, þá hefði væntanlega verið gerð ítarleg grein fyrir því í svæðisskipulagstillögunni og eðlilegt hefði verið að grundvalla þá ákvörðun á formlegri staðarvalsgreiningu.<sup>3</sup>

Af ofangreindu má ráða að svæðisskipulagið gerir ráð fyrir að NLSH byggist upp við Hringbraut í Reykjavík. Því er eðlilegt að meta fyrirliggjandi breytingar á svæðisskipulaginu útfrá þeirri forsendu. Í breytingartillögu um byggingarmagn er verið að leiðrétta (sbr. ofangreint misræmi) og uppfæra talnagrunn svæðisskipulagsins til samræmis við endurskoðuð áform um byggingarmagn og framkvæmdahraða á lóð NLSH og almennt breyttar forsendur uppbyggingar á byggðasvæði nr. 5.

Verklýsing breytingartillögu var send til sveitarfélaganna í janúar 2011. Engar athugasemdir voru gerðar við þann útgangspunkt í verklýsingu að staðsetning NLSH væri gefin forsenda í breytingartillögunum og ekki kallað eftir umræðu um staðarvalið á þeim tímapunkti í verkferlinu. Skipulagsstofnun gerði ekki heldur athugasemdir við þessa nálgun í verklýsingunni, enda skýrt að staðarvalið var ákveðið í gildandi áætlun.

---

Þess í breytingartillögu hefði það komið til lækkunar á þeirri aukningu sem nauðsynleg er á byggðasvæði nr. 5.

<sup>2</sup> Í drögum (nr. 4) að tillögu frá júní 2001 er í skilgreiningu um landskjarna ekki getið um „heilbrigðisstofnanir sem þjóna landinu öllu“, þannig að því hefur verið bætt við síðar, sbr. að þá liggur fyrir nefndarálit heilbrigðisráðherra.

<sup>3</sup> Það er mikilvægt að gera greinarmun á ákvörðunum um að byggja NLSH á nýju svæði og ákvörðun um að byggja áfram upp á sama stað (jafnvel þó verið sé að auka byggingarmagnið verulega). Krafan um formlega staðarvalsgreiningu hlýtur að vera ríkari í fyrra tilvikinu.

## **Tillaga um breytt byggingarmagn í svæðisskipulagi (byggðasvæði nr. 5) og breytingar á töflu 3.2.**

Tillagan felur í sér að áætlun um uppbyggingu á byggðarsvæði 5 til ársins 2024 miðað við íbúaspá (NB: Ekki byggingarmagn m.v. fullbyggð svæði), hækkar um 38 þús. m<sup>2</sup> en það eru 2,6% af áætluðu byggingarmagni atvinnuhúsnæðis í Reykjavík og 1,3% af áætlaðri aukningu á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2024.

Lögð er til leiðrétting á töflu 3.2 *Stefnumörkun um landnotkun og landnýtingu*, sem felur í sér aukningu á sérhæfðu húsnæði um 103 þús. m<sup>2</sup> og minnkun á verslunar-/skrifstofuhúsnæði um 65 þús. m<sup>2</sup>. Þessi breyting er m.a. nauðsynleg vegna byggingar Háskólans í Reykjavík inni á svæðinu, sem er til komin eftir gerð svæðisskipulagsins.

Breytingin gerir það m.a. að verkum að fyrirliggjandi áform um uppbyggingu skrifstofuhúsnæðis, s.s. á Hlíðarendasvæði og HR-svæði, ættu að rúmast vel innan þeirra heimilda sem verða fyrir hendi á byggðasvæði nr. 5.

Breytingin er miðuð við að verulegur hluti uppbyggingar NLSH við Hringbraut geti átt sér stað fyrir 2024. Líklegur er þó að aðeins hluti byggingarheimildar fyrir sérhæft húsnæði á byggðarsvæði nr. 5 verði nýttur fyrir 2024 og að byggingarmagnið verði nær því sem áætlað var lauslega í verklýsingu skipulagsgerðarinnar í janúar 2011.

### **Holtsgöng í aðal- og svæðisskipulagi**

Holtsgöng voru skilgreind sem stofnbraut innan Reykjavíkur, sem ætlað var að tengja Sæbraut við Hringbraut. Syðri gangamunni Holtsganga var fyrirhugaður á og við lóð LSH við Hringbraut. Við staðfestingu svæðisskipulagsins 2001-2024 árið 2002 lágu framtíðaráform NLSH um uppbyggingu við Hringbraut ekki skýrt fyrir. Ljóst er nú að áformuð staðsetning gangamunnans samræmist ekki fyrirliggjandi hugmyndum um skipulag og uppbyggingu á lóð NLSH. Því er gerð tillaga um að fella þau út af svæðisskipulagi.

Holtsgöng voru sett fyrst inn á skipulag með staðfestingu svæðisskipulagsins 2001-2024. Við gerð þess var farið í ítarlega skoðun á stofnbrautarkerfi höfuðborgarsvæðisins. Snemma í vinnuferli þess voru m.a. settar fram nýjar hugmyndir um Öskjuhlíðargöng og Kópavogsgöng.

Hugmyndir um Holtsgöng komu hinsvegar fram á seinni stigum svæðisskipulagsvinnunnar, að ósk Reykjavíkurborgar og þá í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur. Holtsgöng voru því ekki skoðuð mjög ítarlega í samhengi stofnbrautarkerfis höfuðborgarsvæðisins. Fyrst og fremst var litið á þau sem hlekk í gatnaskipulagi miðborgarsvæðisins og þeim einkum ætlað að létta á umferðarálagi á Lækjargötu og Sóleyjargötu og auðvelda aðgengi að miðborginni frá Hringbraut.

Holtsgöng eru heldur ekki talin upp meðal gatnaframkvæmda svæðisskipulagsins á tímabilinu 2001-2024. Ljóst má því vera að Holtsgöng gegna ekki mikilvægu hlutverki í stofnbrautarkerfi höfuðborgarsvæðisins.

Miðað við niðurstöður umferðarreikninga munu Holtsgöng ekki valda afgerandi breytingum á umferðastraumum á miðborgarsvæðinu og niðurfelling þeirra er því talin hafa óveruleg umhverfisáhrif.

### **Um niðurfellingu Holtsganga**

Gerðar hafa verið umferðarspár fyrir fjarlæga framtíð með einhverju sem líta má á sem hámarks uppbyggingu miðborgarsvæðis, bæði með og án Holtsganga. Forsendur í spánum eru að

Holtsgöng séu tengd við stærstu stofnbrautirnar, Sæbraut og Hringbraut, án nokkurra hindrana, og lögð í þá legu sem þau hafa í Aðalskipulagi.

Tvímælalaust er óhætt að álykta útfrá niðurstöðum þessara umferðarspáa að Holtsgöng myndu ekki gagnast mörgum né spara íbúum mikinn ferðatíma og ekki léttu umtalsvert á öðrum götum.

Holtsgöng voru ekki hluti tillagna umferðarsérfræðinganna í NesPlanners, aðalráðgjafa svæðisskipulagsins. Þau voru sett inn að frumkvæði borgarinnar á síðari stigum. Holtsgöng eru ekki skráð sem þjóðvegur í þéttbýli og Vegagerðin gerir enga athugasemd við niðurfellingu þeirra.

## Heimildaskrá

- Landspítali háskólasjúkrahús, Staðarval, Greinargerð um kostnað og tilhögun framkvæmda, 29. janúar 2001.
- VSÓ Ráðgjöf, Landspítali – háskólasjúkrahús, skipulag lóða, minnisblað 13.12.2001
- Framtíðarskipulag og uppbygging Landspítala háskólasjúkrahúss. Nefndarálit starfsnefndar heilbrigðis- og tryggingarráðherra, jan. 2002.
- Greinargerð með svæðisskipulagi, 19. desember 2002
- Umferðaspár með og án Holtsganga, VSÓ ráðgjöf minnisblað 04.11.2011
- Nýr Landspítali við Hringbraut, greinargerð um samgöngur vegna deiliskipulags fyrir nýjan Landspítala við Hringbraut, mars 2012
- Breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Holtsgöng, stofnbraut felld út, breytingar á byggingamagni á byggingasvæði 5. Greinargerð og umhverfisskýrsla, tillaga maí 2012 með lagfæringum 4. júlí.
- Bréf skipulagsstjóra Reykjavíkur til Kjósarhrepps dags. 28. maí 2012
- Tillaga að umsögn svæðisskipulagsnefndar (drög 24. sept. 2012)
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Aukning byggingarmagns, Holtsgöng stofnbraut felld út. Samantekt: Umsögn um athugasemdir við auglýsta tillögu, lagt fram í svæðisskipulagsnefnd 28. sept. 2012
- Samantekt Haraldar Sigurðssonar um þróun skipulagsmála á lóð LSH „Almennt – forsaga og aðdragandi, október 2012
- „Minnisblað, viðbygging við Landspítala á Hringbraut“ frá Ingólfi Þórissyni, október 2012.